

Starfsáætlun Hagstofu Íslands 2017

Efnisyfirlit

Yfirlit	4
Stefna og starfsáætlun	5
Hlutverk	5
Framtíðarsýn	5
Gildi	5
Stefna	5
Markmið	6
Þekkja þarfir notenda og vinna náíð með hagsmunaaðilum	6
Tryggja gæði og réttar aðferðir	6
Tryggja öryggi upplýsinga	6
Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði	6
Bæta miðlun og samskipti	6
Beta vinnuumhverfi	6
Efla rannsóknir	7
Gæðamál	7
Verkefni sem á að ljúka árið 2017	7
Starfsáætlun stjórnýslu og samstarfs	8
Starfsmenn	8
Alþjóðamál	8
Aðferðir	8
Þjónusta við rannsóknarsamfélagið	8
Starfsáætlun efnahagssviðs	10
Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs	10
Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál	10
Útanríkisverslun	11
Vísitölur	12
Starfsáætlun félagsmálasviðs	13
Mannfjöldi og manntal	13
Félagsmál og heilbrigðismál	13
Lífskjör og vinnumarkaður	13
Laun og tekjur	13
Menntamál og menningarmál	14

Starfsáætlun fyrirtækjasviðs.....	15
Hagtölur um fyrirtæki.....	15
Rannsókn á nýsköpunarvirkni og rannsókná- og þróunarstarfi.....	15
Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði.....	16
Tölfræði um ferðaþjónustu.....	16
Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar.....	16
Starfsáætlun rekstrarsviðs.....	17
Meginatriði í starfsemi rekstrarsviðs.....	17
Fjármál og rekstur.....	17
Gagnasöfnun.....	17
Úrtaksrannsóknir.....	17
Móttaka og afgreiðsla.....	18
Upplýsingatækni.....	18
Miðlun.....	18

Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fjögur svið; efnahagssvið, fyrirtækjasvið, félagsmálasvið og rekstrarsvið auk skrifstofu stjórnsýslu og samstarfs og skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins mótast af stefnu Hagstofunnar 2017 og forgangsröðun verkefna í samræmi við markmið og aðgerðir í fjárlagafrumvarpi 2017.

[Stefnu og verkefni Hagstofunnar 2017](#) má nálgast á vefnum, en hér eru birtar starfsáætlanir einstakra sviða í kjölfar yfirlits um stefnu og starfsáætlun.

Stefna og starfsáætlun

Hlutverk

Hagstofa Íslands vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Framtíðarsýn

Hagstofan er framsækin miðstöð hagskýrslugerðar sem stendur jafnfætis þeim hagstofum í Evrópu sem eru til fyrirmyndar.

Hagstofan er góður og eftirsóttur vinnustaður sem einkennist af skilvirkni og sveigjanleika.

Gildi

HLUTLÆGNI — TRÚVERÐUGLEIKI — ÞJÓNUSTA

Stefna

Hagstofa Íslands stefnir að því að:

- Uppfylla þarfir innanlands fyrir tölfræðilegar upplýsingar um efnahagsmál, samfélagsmál, fyrirtæki og rekstur fyrirtækja
- Starfsemin sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar
- Tryggja gæði opinberra hagtalna á Íslandi með sömu leiðum og fram koma í meginreglum evrópskrar hagskýrslugerðar
- Tryggja öryggi upplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar en fullnægi þó kröfum um persónuvernd og falli ekki í rangar hendur

Markmið

Þekkja þarfir notenda og vinna náíð með hagsmunaaðilum

Hagstofan hefur frumkvæði að reglulegum samskiptum við notendur til að öðlast betri skilning á þörfum þeirra og til að geta betur mætt þörfum ólíkra hópa. Áhersla er lögð á góð samskipti við gagnaveitendur, meðal annars til að auka skilning á gæðum stjórnsýslugagna. Hagstofan tekur forystu í skipulegu samstarfi við aðra framleiðendur. Markvisst samstarf við hagsmunaaðila eykur skilning á þörfum þeirra og leiðir í ljós gagnkvæman ávinning.

Tryggja gæði og réttar aðferðir

Hagstofan gefur út hagtölur og veitir þjónustu í samræmi við þarfir notenda þar sem gæði eru höfð í fyrirrúmi. Áhersla á gæði er nauðsynleg til þess að viðhalda trausti og til að tryggja forystuhlutverk í hagskýrslugerð. Í samfélagi þar sem er ofgnótt upplýsinga á að vera hægt að treysta því að hjá Hagstofunni séu birtar hlutlægar og traustar upplýsingar.

Tryggja öryggi upplýsinga

Hagstofan tryggir öryggi upplýsinga með vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem byggist á ISO27001 sem er alþjóðlegur staðall. Meðferð trúnaðarupplýsinga er vönduð og örugg.

Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði

Hagstofa Íslands leggur áherslu á að draga úr svarbyrði með því að samræma betur og hagnýta eigin gagnasöfn, nýta stjórnvaldsskrár, beita nýjustu tækni við gagnaöflun og með viðeigandi aðferðafræðilegum lausnum.

Bæta miðlun og samskipti

Stefnt er að því að bæta aðgengi að hagtölum og öðru efni með markvissri notkun á upplýsingatækni. Leitast skal við að nýta það form miðlunar og þá tækni sem best á við hverju sinni. Hagstofan mætir þörfum notenda um hagtölur og lagar sig að breyttum þörfum þeirra.

Betra vinnuumhverfi

Mikilvægt er að stuðla að starfsánægju og bættri líðan starfsmanna, þannig verður Hagstofan eftirsóknarverður og fjölskylduvænn vinnustaður. Gott vinnuumhverfi stuðlar að ánægju starfsmanna og aukinni framleiðni. Hagstofan leitast við að styðja starfsmenn til að sækja sér aukna fræðslu með það að markmiði að auka færni þeirra og gefa þeim kost á að þróast í starfi. Bætt upplýsingaflæði og opin

skoðanaskipti milli starfsmanna og stjórnenda sitja í fyrirrúmi. Hagstofan gefur starfsmönnum kost á heilsueflingu.

Efla rannsóknir

Hagstofan leggur áherslu á uppbyggingu rannsóknarstarfs og samstarf við rannsóknasamfélagið. Öflugt rannsóknarstarf styður við hagtölugerð og gerir Hagstofunni kleift að stuðla að upplýstri stefnumótun og umræðu. Þá er uppbygging rannsókna mikilvægur liður í að gera stofnunina að eftirsóknarverðum vinnustað. Gerður er skýr greinarmunur á rannsóknum og hagskýrslugerð í starfsemi stofnunarinnar.

Gæðamál

Áhersla í gæðamálum verður áfram á samstarf við notendur og er ráðgert að halda reglubundna fundi með þeim notendahópum sem þegar hafa verið stofnaðir, en það eru notendahópur greiningaraðila, notendahópur fjölmiðla og notendahópur rannsóknarsamfélagsins. Að auki er stefnt að því að stofna notendahópa fyrir stjórnsýsluna og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Nú er komið að því að gera notendakönnun, en hún er gerð annað hvert ár.

Framleiðsluferli helstu hagtalna verða tekin til skoðunar og rýnd með það að markmiði að tryggja gæði og finna tækifæri til umbóta.

Að auki verður unnið að eftirfarandi umbótaverkefnum:

Verkefni sem á að ljúka árið 2017

- Vörukörfuviðmót fyrir notendur veftaflna
- Notendur geti nálgast upplýsingar frá öðrum á vef Hagstofunnar
- Birta nýja tölfræði og meira niðurbrot í samræmi við niðurstöður notendahópa og forgangsröðun verkefna
- Birta hagskýrslur um framleiðni
- Birta sögulegar hagtölur
- Nota stór gagnasöfn til að minnka svarbyrði, auka samnýtingu gagna og framleiðni
- Fara yfir ferli með það að markmiði að bæta tímaleika og gæði
- Bæta skýringar í fréttum Hagstofunnar og einfalda málfar
- Samstarfsvettvangur með öðrum framleiðendum og eigendum stjórnsýsluskraá
- Áætlun fyrir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi
- Endurskoða og formfesta samninga við opinbera gagnaveitendur
- Handbók í aðferðafræði
- Áframhaldandi uppbygging fyrirtækjatölfræði
- Halda fundi með notendum og gera notendakönnun
- Gerðar verði ytri úttektir á stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Auka framboð af lýsigögnum

Starfsáætlun stjórnýslu og samstarfs

Starfsmenn

Á síðasta ári voru innleidd ný starfsmannasamtöl með áherslu á frammistöðusamtöl og verður áfram unnið að innleiðingu þeirra. Viðverustefna Hagstofunnar verður endurnýjuð og innleidd með það að leiðarljósi að samhæfa viðmið um viðveru og sveigjanlegan vinnutíma starfsmanna Hagstofunnar. Þá verður sérstaklega staðið að kynningum á öryggiskerfi upplýsinga og hlutverki hvers og eins í því. Í fræðslumálum mun unnið að því að auka framboð á námskeiðum í fjarnámi í ýmsum tölfræði- og gagnaumsýsluhugbúnaði. Unnið verður að innleiðingu á menntaákvæðum gerðardóms og uppfærslu stofnanasamninga á árinu.

Alþjóðamál

Ísland verður í forsvari fyrir norrænni samvinnu á árinu og felst í því skipulagning á undirbúningi ESSC-funda og að halda norrænan hagstofustjórafund á árinu. Unnið verður að því að taka upp breytt verklag við utanumhald Evrópureglugerða til innleiðinga í tengslum við nýjan EES-gagnagrunn utanríkisráðuneytisins. Komið verður á samstarfsvettvangi við aðra opinbera hagskýrsluframléiðendur á árinu. Áfram verður unnið að umbótum í utanumhaldi erlendra styrkja og stuðningi við rekstur styrktra verkefna.

Aðferðir

Áhersla verður lögð á fjögur verkefni á sviði aðferðafræði árið 2017. Áfram verður unnið að innleiðingu samræmdra aðferða fyrir hagskýrsluframléiðslu undir merkjum aðferðafræðihandbókar Hagstofu Íslands. Verður það gert í nánu samráði við Ráðgjafanefnd Hagstofu Íslands um aðferðafræði. Fyrirhugað er að ljúka skrifum á leiðbeiningum fyrir mat á dreifni, vigtun kannanagagna og árstíðaleiðréttingar. Á árinu mun hefjast vinna við skráningu breytulýsinga út frá NordMAN verkefninu sem Hagstofa Íslands vinnur að ásamt öðrum norrænum hagstofum. Hagnýting stórra gagnasafna í hagskýrslugerð snýst um að finna leiðir til að endurnýta gögn, safna gögnum með nýstárlegum aðferðum (til dæmis vefsköfun) og beita leitandi tölfræðiaðferðum til að koma auga á nýja þekkingu í gögnunum. Að lokum mun Rannsóknarráð Hagstofu Íslands halda utan um rannsóknarverkefni sem unnin eru innan stofnunarinnar og vinnur að innleiðingu niðurstaðna þeirra við framléiðslu hagskýrslna með það að markmiði að bæta gæði hagtalna og/eða hagkvæmni þeirra.

Þjónusta við rannsóknarsamfélagið

Á árinu verður unnið samkvæmt nýju ferli um aðgang að trúnaðargögnum Hagstofunnar til vísindarannsókna, sem mótað var á síðasta ári. Lokið er vinnu við að útbúa rannsóknarumhverfi, Iðunni, sem hýsir umbeðin gögn rannsakenda ásamt tölfræðihugbúnaði bakhjarla. Rannsakendur tengjast Iðunni með fjartengingu

í gegnum vafra og gera greiningar á gögnunum þar. Með þessu breytta verklagi hefur öryggi gagna aukist mikið ásamt sveigjanleika í afgreiðslu, því hægt er að hindra rekjanleika í niðurstöðum á sama hátt og hægt er að hindra rekjanleika í örgögnum áður en rannsakendur fá aðgang að þeim. Ásamt því að vinna markvisst í samræmi við nýtt ferli og með nýjum aðferðum verður lögð áhersla á að auka hraða á afgreiðslu umsókna, m.a. með því að einfalda samskipti innanhúss. Einnig er ætlunin að kynna fyrir rannsóknarsamfélaginu þá þjónustu sem Hagstofan getur boðið þeim á þessu sviði. Það verður gert með því að mæta á fundi, vinnustofur, ráðstefnur og aðra viðburði þar sem rannsakendur koma saman. Einnig verður áfram lögð mikil áhersla á góða samvinnu við notendahóp rannsóknarsamfélagsins, m.a. með fundum tvisvar á árinu og öðrum óformlegum samskiptum.

NordMan verkefnið verður klárað á árinu. Verkefnið er unnið í samvinnu við aðrar hagstofur Norðurlanda fyrir styrk frá NordForsk og snýst um að útbúa samnorrænan aðgang rannsakenda að norrænum örgögnum til vísindarannsókna ásamt því að samhæfa skráningu lýsigagna.

Snemma á árinu verður tekið í notkun nýtt sérvinnslukerfi sem mun betur þjóna þörfum Hagstofunnar. Kerfið á að tryggja betur að öllum sérvinnslubeiðnum sé sinnt og að hægt sé að bregðast við fyrir ef eitthvað fer úrskeiðis.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjórar deildir Háskóla Íslands um meistara-kerfni nemenda í samvinnu við Hagstofuna. Í samræmi við samningana verður unnið að því að koma á samvinnu milli sérfræðinga Hagstofunnar og nemenda um verkefni.

Starfsáætlun efnahagssviðs

Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs

Á sviði þjóðhagsreikninga verður unnið að endurbótum á gagnagrunnsumhverfi þjóðhagsreikninga og þróun á vinnsluumhverfi til samræmis auk þess sem haldið verður áfram með einstök endurbótaverkefni sem þegar eru hafin. Úrvinnsla á gögnum um skuldir heimila er hafin og birt verður ný tölfræði á þessu sviði á árinu.

Í utanríkisverslun er áfram unnið að því að breyta vinnslukerfi vöruviðskipta vegna upptöku samræmds tollskýrsluskjals fyrir innflutning (SAD-skjals) hjá tollayfirvöldum. Niðurstöður þjónustuviðskipta verða endurskoðaðar á árinu vegna bættra gagna úr kreditkortum og nýrra upplýsinga úr væntanlegri landamærarannsókn.

Söfnun á rafrænum gögnum frá matvöruverslunum er komin vel á veg og þróun vinnsluferla við notkun þessara gagna fyrir vísitölu neysluverðs er hafin.

Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Vinnsluaðferðir við þjóðhagsreikninga og opinber fjármál fylgja alþjóðlegum stöðlum, nánar tiltekið ESA2010-staðlinum sem tekinn var í notkun í september árið 2014. Gerðar hafa verið margvíslegar endurbætur á aðferðum og verkefnum og verður þeim haldið áfram á þessu ári. Megináhersla verður lögð á að samræma gagnagrunnsumhverfi þjóðhagsreikninga með það að markmiði að auka hagræði og leita samlegðaráhrifa í vinnsluferlum.

Úrbótaverkefnum verður framhaldið, svo sem endurbótum á uppgjöri mismunandi geira, þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Þróunarstarfi við fjármálareikninga verður haldið áfram, bæði vegna flæði- og stöðustærða og flokkun fjármálagerninga. Þróun fjármálareikninga er unnin í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

Ferðaþjónustureikningar eru nú unnir sem hluti af þjóðhagsreikningum og áfram verður unnið að því að þróa aðferðir og gagnaöflun til að styrkja vinnsluna.

Mat á fjölda starfandi og vinnustundum eftir atvinnugreinum í samræmi við þjóðhagsreikningastaðla er um það bil að ljúka. Þessi vinna mun leggja grunninn að mati á framleiðni vinnuafls á Íslandi í heild og í mismunandi atvinnugreinum. Stefnt er að reglulegri birtingu á slíkum tölum á árinu.

Skuldir heimila og fyrirtækja er tölfræðiverkefni sem ákveðið var með lögum nr. 104/2013 út frá gögnum sem safnað er frá fjármálastofnunum. Gögn frá fjármála-fyrirtækjum berast reglulega og víðtækari gagnasöfnun frá öðrum er í undirbúningi. Reiknað er með að verkefnið verði komið í reglulega vinnslu síðar á árinu.

Á árinu verður unnið að gerð ýtarlegrar aðferðalýsingar á útreikningi vergra þjóðartekna en um er að ræða lokaáfangann í innleiðingu ESA2010 þjóðhagsreikningastaðalsins og öllum hagstofum evrópska hagskýrslusamstarfsins ber

að skila. Verkefnið er formlega hafið og er áætlað að fyrri hluta þess ljúki með skilum á aðferðafræðilýsingu til Eurostat í lok árs 2017. Áætlað er að síðari hluta verkefnisins, sem felst m.a. í ytri úttekt á aðferðum og framkvæmd útreikninga, muni ljúka á árinu 2018.

Þá verður haldið áfram vinnu við þróun birtingargrunns fyrir þjóðarhagsreikninga og samþættingar hans við SDMX-gagnaskilakerfi Eurostat. Deildin mun áfram taka virkan þátt í því að þróa og samræma aðferðir við sannprófun gagna sem þangað er skilað. Af öðrum umbótaverkefnum ber einnig að nefna áframhaldandi vinnu við að koma á reglulegum gagnaskilum á sviðum sem í dag eru háð undanþágum frá alþjóðlegum skuldbindingum, undirbúning reglulegra skila á uppruna- og ráðstöfunartöflum og gerð lífeyristöflu í samræmi við ESA2010-staðalinn.

Þá er unnið að bættum rafrænum skilum á gögnum frá Fjársýslu um ríkisbúskapinn og frá sveitarfélögum í tengslum við upplýsingaveitu sveitarfélaga. Jafnframt er unnið að endurbótum á uppgjöri fyrir hið opinbera og fyrir fjármálafyrirtækin í framleiðsluuppgjöri. Gagnasöfnun um frjáls félagasamtök er í undirbúningi og stefnt er að því að hægt verði að aðgreina þennan geira betur í þjóðhagsreikningunum.

Utanríkisverslun

Áfram verður unnið að breyttu vinnsluferfi vöruviðskipta í tengslum við upptöku samræmds tollskýrsluskjals fyrir innflutning (SAD-skjal). Þessi breyting er mjög umfangsmikil og hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Hún hefur áhrif á allt vinnsluferli vöruviðskipta frá móttöku til birtingar á niðurstöðum, auk þess sem breytingin kallar á breytt fyrirkomulag gæðaprófunar á gögnum. Samfara þessum breytingum verður unnt að innleiða nýjan staðal fyrir vöruviðskipti og áfram verður unnið að endurbótum á birtingum tímaráða um vöruviðskipti og uppbyggingu gagnagrunns um viðskipti með skip og flugvélar.

Á árinu 2017 mun Hagstofan vinna að því að samræma ferli við sannprófun gagna innan stofnunarinnar samkvæmt leiðbeiningum frá Hagstofu ESB (Eurostat). Innan vöruviðskipta er mikil reynsla af stöðluðum sannprófunum auk þess sem breytingar á þeim standa fyrir dyrum vegna upptöku SAD-skjals. Því mun utanríkisverslun ríða á vaðið með samræmingarferlið. Varðandi þjónustuviðskipti hefur verið, í samvinnu við Ferðamálastofu, unnið að umgjörð fyrir landamæra-rannsókn meðal erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim. Undirbúningur hennar er langt á veg kominn og verða fyrstu niðurstöður birtar á árinu 2017. Þar með næst mikilvægur áfangi í bættum upplýsingum um ferðaþjónustu samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Hagstofan mun á árinu 2017 njóta styrkjar frá Eurostat til að greina nánar fyrir-tæki og atvinnugreinar í þjónustuviðskiptum.

Eftir því sem færi gefst verður áhersla lögð á endurmat á tryggingaþjónustu, ársfjórðungslega birtingu á landaskiptingu þjónustu og endurbætur á samgöngu- og flutningalið þjónustuviðskipta með því að skoða fob-cif hlutfall með tilliti til

fraktflutninga. Að auki munu niðurstöður þjónustuviðskipta verða endurskoðaðar á árinu vegna bættra gagna úr kreditkortum og nýrra upplýsinga úr landamæra-
rannsókn og verða niðurstöður birtar við útgáfu talna fyrir árið 2016.

Vísitölur

Líkt og undanfarin ár verður unnið að nokkrum þróunarverkefnum samhliða hefðbundnum verkefnum vísitöludeildar.

Innleiðing á rafrænni gagnasöfnun frá matvöruverslunum vegna útreiknings á vísitölu neysluverðs hefur aukið gæði vísitölnunnar til muna. Áfram verður unnið að uppbyggingu innviða í verkefnum sem snýr að forritun gagnagrunna, aðferðum við útreikning og prófun gagna. Rafrænu gögnin eru umfangsmeiri og ýtarlegri og opna möguleika á að nýta upplýsingar við útreikning með nýjum hætti. Í júní mun Hagstofan skipuleggja alþjóðlega vinnustofu um notkun rafrænna gagna í vísitölum fyrir þátttakendur í Evrópska hagskýrslusamstarfinu (ESS).

Unnið verður að gerð samræmdrar fastskattavísitölu neysluverðs (e. Harmonised Indices of Consumer Prices with Constant Tax Rates, HICP-CT) í samræmi við lög um HICP sem samþykkt voru í Evrópuþinginu í maí 2016.

Á árinu verður lögð áhersla á að verklagsreglur fyrir alþjóðlegan verðsamanburð (PPP) verði uppfærðar auk þess sem unnið verði að endurnýjun vinnulýsinga.

Starfsáætlun félagsmálasviðs

Á félagsmálasviði eru unnar hagtölur um lýðfræði, mannfjölda, félagsmál, heilbrigðismál, kosningar, lífskjör, vinnumarkað, notkun upplýsingatækni, laun, tekjur, launakostnað, menntamál, fjölmiðla og menningarmál í tveimur deildum: Atvinna, lífskjör og mannfjöldi og Laun, tekjur og menntun.

Mannfjöldi og manntal

Stefnt er að lokahnykk á útgáfum tengdum manntali ársins 2011 með frekari greiningu á menntunarstöðu landsmanna út frá fjölbreyttum bakgrunnsbreytum. Birt verður greining á nöfnum og unnið að fjölbreyttu talnaefni um mannfjölda og lýðfræði.

Félagsmál og heilbrigðismál

Áfram verður unnið að þróun og miðlun tölulegra upplýsinga fyrir félagsvísa sem snúa að velferðarmálum á breiðum grundvelli og ná til dæmis til fjármála heimila, félags- og menntamála, heilbrigði, lýðfræði og þátttöku á vinnumarkaði. Unnið verður að endurskoðun hagtölugerðar um félagsvernd og heilbrigðismál. Stefnt er að birtingu á niðurstöðum úr Evrópskri rannsókn á heilsufari sem gerð var árið 2015.

Lífskjör og vinnumarkaður

Að venju verður lífskjararannsókn Hagstofunnar (SILC) gerð vorið 2017. Skoðað er nýtt viðfangsefni með aukarannsókn á hverju ári til að bæta þekkingu á afmörkuðu sviði lífskjara og verður sjónum beint að heilsufari, neyslu og sparnaði árið 2017. Birtar verða niðurstöður aukarannsóknar ársins 2015 um félagslega og menningarlega virkni og aukarannsóknar 2016 um formlegt nám, þjálfun og símenntun.

Haldið verður áfram að þróa tölur um vinnuafl, fjölda starfandi, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og vinnustundir. Árlega er kannað nýtt viðfangsefni með aukarannsókn til að auka þekkingu á afmörkuðu sviði vinnumarkaðarins og árið 2017 verða sjálfstætt starfandi skoðaðir sérstaklega. Stefnt er að umfjöllun um ungt fólk á vinnumarkaði og erlent vinnuafl.

Rannsókn á notkun einstaklinga á upplýsingatækni verður framkvæmd á ný árið 2017 en rannsóknin hefur legið niðri í nokkur ár.

Laun og tekjur

Áhersla er lögð á að treysta grundvöll launatölfræðinnar með því að tryggja rekstur launarannsóknna. Brugðist verður við skorti á þekju þannig að hagtölur um laun nái betur til vinnumarkaðarins í heild sinni. Endurhönnun á innlestri launagagna

í launarannsókn Hagstofunnar, með það fyrir augum að ná fram meiri sjálfvirkni, lýkur á árinu. Samliða verða allir verkferlar endurskoðaðir og rannsóknin styrkt.

Nýjum útgáfum á sviði meðallauna ásamt auknu niðurbroti í launavísitölu verður haldið áfram ásamt endurskoðun á launatölfræði. Stefnt er að birtingu á alþjóðlegum samanburði á launasamsetningu byggt á evrópsku launarannsókninni, Structure of Earnings Survey. Að vanda verða unnar ýmsar sérvinnslur fyrir aðila vinnumarkaðar á grundvelli samstarfssamninga um kjararannsóknir.

Á árinu lýkur þróunarvinnu á mælingum á vinnustundum skipt eftir atvinnugrein í samstarfi við þjóðhagsreikninga. Niðurstöður úr því verkefni leggja grunninn að mati á framleiðni vinnuafls á Íslandi og vísitölu launakostnaðar sem birt verður á árinu. Haldið verður áfram með þróun á útgáfum hagtalna um tekjur og bitar upplýsingar um tekjur eftir atvinnugreinum.

Menntamál og menningarmál

Umbótavinna á menntagögnum til að geta mætt þörfum fyrir frekari upplýsingar um menntunarstöðu í félagsmálatölfræði er á lokastigum. Áfram verður unnið að tímanlegum gagnaskilum í samræmi við lagalegar skuldbindingar á sviði menntatölfræði. Þá verða birtar upplýsingar um ýmsa þætti fjölmiðlunar og menningarmála.

Starfsáætlun fyrirtækjasviðs

Hagtölur um fyrirtæki

Á síðustu árum hefur verið unnið að uppbyggingu fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar. Verkefninu hefur verið áfangaskipt, þannig að viðbótum og nýjum upplýsingum sem unnið er að á hverjum tíma sé hægt að nýta sem best til framleiðslu á tölfræði.

Vinna við öflun upplýsingar um starfsstöðvar fyrirtækja hófst á árinu 2016 og verður áfram unnið að því á árinu 2017. Með upplýsingum um starfsstöðvar má greina betur vinnuafli atvinnugreina eftir landssvæðum.

Á árinu 2016 voru birtar heilstæðar tölur yfir rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina, aftur til ársins 2002 til og með 2015. Með þeirri framleiðslu var svarað mikilli eftirspurn innanlands um tölfræði atvinnugreina. Áfram verður unnið að því að auðga þessa tölfræði í samvinnu við helstu notendur hennar og þannig áfram svarað eftirspurn samfélagsins um betri tölfræði um atvinnugreinar.

Á síðustu árum hafa verið birtar í áföngum lykiltölur um fjölda fyrirtækja og helstu rekstrarupplýsingar atvinnugreina (e. Structural business statistics; sbs) í samræmi við Evrópureglugerð 259/2008. Gögnin eru samanburðarhæf við önnur Evrópulönd og er þeim jafnframt skilað til hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Á árinu 2017 verður unnið að tölfræði um lýðfræði fyrirtækja og þar með uppfylltir fleiri viðaukar reglugerðarinnar sem og að því að lengja tímaraðir.

Unnið hefur verið að uppbyggingu á skammtímatölfræði og skammtímahagvísu atvinnugreina (e. Short Term Statistics; sts) á síðustu árum og mun þeirri vinnu vera haldið áfram á árinu 2017. Bæði eru unnið að tölfræði sem byggir á Evrópureglugerð 1165/98 sem og því að svara eftirspurn innanlands um skammtímatölfræði. Á árinu 2016 var skammtímatölfræði atvinnugreina stórlega bætt með nýjum útgáfum um fjölda launagreiðenda og launþega eftir atvinnugreinum. Áfram verður unnið að uppbyggingu á skammtímatölfræði atvinnugreina, en á árinu 2017 snýr stærsta áskorunin að þróun og framleiðslu á mánaðarlegri tölfræði um veltu eftir atvinnugreinum, bæði raun- og vísitölur. Við þá vinnu verður stuðst við kortagögn ásamt veltu skv. virðisaukaskattskýrslum.

Margvísleg önnur tölfræði um fyrirtæki sem byggir á stjórnsýsluskrám verður með hefðbundnum hætti á árinu 2017.

Rannsókn á nýsköpunarvirkni og rannsókn- og þróunarstarfi

Á árinu 2017 verða birtar niðurstöður úr rannsókn sem hófst á árinu 2016, um útgjöld fyrirtækja og stofnana til rannsóknar- og þróunarstarfs. Rannsóknin er gerð annað hvert ár, en fylgt er alþjóðlegum stöðlum og aðferðarfræði frá OECD og Eurostat.

Á árinu 2017 verður rannsókn gerð á nýsköpunarvirkni fyrirtækja. Er það í annað skipti sem rannsóknin er unnin af Hagstofu Íslands, en rannsóknin er annað hvert ár. Einnig verður gerð rannsókn á upplýsingatækninotkun fyrirtækja.

Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði

Tölfræði um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla verður með hefðbundnum hætti á árinu 2017. Snemma á árinu 2017 verða upplýsingar um rekstur og afkomu veiða og vinnslu birtar í samvinnu við efnahagssvið. Gert er ráð fyrir að á haustmánuðum verði nýjum gögnum um rekstur og afkomu veiða og vinnslu safnað frá stærstu fyrirtækjum í útgerð og fiskvinnslu.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp framleiðslu á landbúnaðartölfræði þannig að bæði innlendir og alþjóðlegar skuldbindingar séu uppfylltar. Áfram verður unnið að því, en nær allar alþjóðlegar skuldbindingar eru þegar uppfylltar. Áhugi er á frekari framleiðslu á rekstrartengdum upplýsingum hjá innlendum hagsmunaaðilum og verður unnið að því að koma slíkri framleiðslu í birtingu á árinu 2017.

Tölfræði um ferðþjónustu

Á árinu 2017 verða áfram birtar mánaðarlegar tölur um gestakomur, gistinætur og nýtingu herbergja á hótelum. Jafnframt verður unnið að birtingu mánaðarlegra skammtímatalna um heildarfjölda gistinátta samræmi við kröfur samkvæmt Evrópureglugerð 692/2011. Einnig verður unnið að endurskoðun á gistináttatölfræði með það að markmiði að samræma tölfræðina betur að atvinnugreinaflokkun (ÍSAT2008) og tengja við rekstrar og afkomutölur gististaða.

Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar

Unnið hefur verið að uppbyggingu á almennri umhverfistölfræði, svo sem tölfræði um úrgang og losun efna í andrúmsloft í samræmi við staðla og aðferðarfræði Eurostat. Áfram verður unnið að uppbyggingu á umhverfistölfræði á árinu 2017.

Á árinu 2017 hefst vinna við framleiðslu umhverfisreikninga í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig hefst vinna við gerð hagtalna um umhverfisskatta og gjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda.

Starfsáætlun rekstrarsviðs

Meginatriði í starfsemi rekstrarsviðs

Rekstrarsvið er það svið innan Hagstofunnar sem gengur þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár; fjármál og rekstur, upplýsingatækni og miðlun (UTM) og gagnasöfnun. Auk samvinnu við hagskýrslusviðin eru helstu áherslur sviðsins fyrir árið 2017 að efla innri verkefni sem tilheyra sviðinu auk þess að efla þjónustu við önnur svið stofnunarinnar. Upplýsingaöryggi mun áfram skipa stóran sess hjá sviðinu, þar sem öryggisstjóri er nú staðsettur innan sviðsins. Mikil vinna liggur að baki í öryggismálum sem áfram verður viðhaldið með úttektum en stofnunin fékk vottun frá BSI í júlí 2016.

Fjármál og rekstur

Fjármáladeild Hagstofu Íslands samanstendur af fjármálastjóra og bókara. Auk þess hefur starfsmannahald aðstoðað við utanumhald styrkja, fjárhagslið styrkja og kostnaðargreiningu afurða. Helstu verkefni deildarinnar eru að færa bókhald stofnunarinnar, gera áætlanir og framfylgja þeim, skila mánaðarlegu uppgjöri til Fjárslu ríkisins og áætlunum til ráðuneytisins. Auk þess sér deildin um allan rekstur á húsnæði, aðföngum og öryggismálum. Vegna nýrra laga um opinber fjármál, með heildstæðri stefnumörkun í opinberum fjármálum og aukna áherslu á áætlanir til lengri tíma, þarf deildin að temja sér nýtt verklag við áætlanagerð og endurskoðun á bókhaldsferlum. Gert er ráð fyrir að opinber reikningsskil verði í samræmi við almennar bókhalds- og reikningsskilareglur. Í nýju lögnum er gert ráð fyrir langtímaáætlunum og virku eftirliti er varðar stjórn og ráðstöfun opinbers fjár, eigna og réttinda. Meira álag verður því hjá deildinni vegna innleiðingar á nýjum lögum og breyttum aðferðum hjá Fjárslu ríkisins.

Gagnasöfnun

Deildin gagnasöfnun hefur umsjón með gagnasöfnun og skráningu gagna fyrir hagskýrslusviðin. Helstu verkefni eru söfnun gagna í upplýsingaveitu sveitarfélaganna, söfnun um gistinætur, söfnun vegna þjónustuviðskipta við útlönd, kreditkortaviðskipti, starfsemi skóla, starfsemi safna, söfnun vegna birgðastöðu fyrir þjóðhagsreikninga auk gagnasöfnunar og innsláttar fyrir vísitölur. Í upphafi árs fer fram ný og umfangsmikil söfnun gagna um starfsstöðvar fyrirtækja og söfnun á uppskerutölum grænmetisbænda.

Úrtaksrannsóknir

Deildin Gagnasöfnun gerir árlega þrjár úrtaksrannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum. Þetta eru vinnumarkaðsrannsókn, rannsókn á útgjöldum heimilanna og lífskjararannsókn. Á þessu ári er verða jafnframt gerðar rannsóknir á upplýsingatækninotkun heimila og fyrirtækja sem og rannsókn á nýsköpunarstarfssemi

fyrirtækja. Vinna við innleiðingu endurhannaðs rannsóknarkerfis, Blaise 5, mun hefjast á árinu.

Móttaka og afgreiðsla

Rekstur móttöku og símaskiptiborðs Hagstofunnar heyrir undir gagnasöfnunardeild. Helstu verkefni eru símsvörun og miðlun erinda, móttaka og skráning gesta og umsjón með inn- og útsendum pósti.

Upplýsingatækni

Sérfræðingar í upplýsingatækni vinna náið með öllum sviðum Hagstofunnar í verkefnum sem snúa að endurskipulagningu og uppbyggingu upplýsingakerfa. Verkefni ársins snúa að miklu leyti að umbótum út frá stjórnkerfi upplýsingaöryggis með áherslu á varnir gegn óheimilli opinberun upplýsinga, neyðarviðbrögðum, fyrirbyggjandi öryggisráðstöfunum og samræmt rekstarumhverfi. Unnið er í náinni samvinnu við miðlunarteymi að umbótum í miðlun og að verkefnum Hagstofunnar 2017, svo sem vörukörfuviðmót fyrir notendur veftaflna og það að nálgast upplýsingar annarra aðila á vef Hagstofunnar, vinnu við að auka sjálfvirkni o.fl. Auk þeirra verkefna verða unnin ýmis sértæk verkefni fyrir greiningardeildir líkt og fyrri ár.

Miðlun

Líkt og upplýsingatækniteymið vinnur miðlunarteymið náið með öllum sviðum Hagstofunnar. Miðlunarteymið kemur að allri miðlun á hagtölum og svarar jafnframt fyrirspurnum í gegnum upplýsingasíma Hagstofunnar. Verkefni ársins snúa að því að koma sögulegum hagtölum á vefinn, setja upp vörulýsingar, umbreyta útgáfum Hagstofunnar yfir í vefútgáfur (ekki PDF-skjöl), vinna að bættri framsetningu fréttu, móta, mæla og betrubæta þátttöku Hagstofunnar á samfélagsmiðlum, vinna að umbótum í miðlun hagtalna í veftöflum, taka til á varðveislu- og sölulager og bæta vefsíður Hagstofunnar. Umfram það verður mestöll vinnan við verkefni Hagstofunnar 2017 (vörukörfuviðmót og miðlun talna frá öðrum) á borði miðlunar sem leiðir verkefnið.